

55. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 11. febrúar 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

a) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Í haust var farið af stað með fagstjórn í ákveðnum fögum m.a. í stærðfræðinni sem Einar Gunnarsson er fagstjóri yfir. 15. janúar sl. var hann með upplýsingafund fyrir foreldra nemenda 2.-6. bekkjar sem tókst vel.

Samstarfsdagur 8.-10. bekkja var 19. janúar sl. hjá skólunum á Nesinu og fóru nemendurnir í bíó í Ólafsvík í boði Lionsklúbbsins í Ólafsvík.

Þorgrímur Þráinsson kom í heimsókn í skólann og hitti nemendur 7.-10. bekkjar og fór yfir ákveðin heilræði með krökkunum og var heimsóknin, sem var í samstarfi við foreldrafélagið, mjög vel heppnuð.

Olweus-verkefnið eða öðru nafni Kærleiksverkefnið er í gangi í skólanum og komu niðurstöður síðustu könnunar nú í upphafi árs og er ánægja með það sem fram kemur í niðurstöðunum. Niðurstöður könnunarinnar sem framkvæmd var í desember 2003 sýnir jákvæðan árangur verkefnisins miðað við niðurstöður könnunar sem framkvæmd var í desember 2002 og verður unnið áfram í málunum út frá niðurstöðunum.

Miðannarpróf og námsmat verður dagana 19.-22. febrúar nk. Starfsdagur sem ákveðinn var þann 26.2. skv. skóladagatali færist til 27.2.

Tónlist fyrir alla verður 2. mars en þá koma Karl Olgeirsson, Jón Rafnsson og Jóhann Hjörleifsson.

Byrjað er að undirbúa skíðaferð 7. og 8. bekkjar, undirbúningur menningarferðar 5. bekkjar er einnig hafinn ásamt danmerkurferðarundirbúning sem er einnig í fullum gangi, en sú ferð verður farin í ágústmánuði nk.

Fyrirspurn kom fram um danmerkurferð og hvort þetta sé fastur liður og allir bekkir fari í þess háttar ferð. Skólastjóri svaraði því að það sé skipulagið að haldið verði áfram með þessar ferðir.

Fyrirspurn kom fram um Olweus-verkefnið, hvort það sé nægilega sýnilegt fyrir nemendurna. Skólastjóri greindi frá því að núna fari verkefnið að vera opnara og sýnilegra eftir því sem líður á það t.d. verða “skólavinir” í sérmerktum úlpum sýnilegir í frímínútum frá og með næsta hausti, eins er verið að fara af stað með bekkjarfundi, gæsla hefur verið eflað ásamt öðrum hlutum sem eru í gangi.

Fyrirspurn kom fram um notkun gsm síma í skólanum, hvort einhverjar reglur séu í gangi. Skólastjóri sagði að ákveðnar reglur séu um notkun þeirra innan skólans.

b) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Skiptinemaheimsóknir á milli skólanna eru í gangi og eru fjórir hópar sem fara á milli og stoppa hluta úr degi, en þetta er hluti af samstarfi leikskóla og grunnskóla. Á eldri deildum hafa verið farnar vinnustaðaheimsóknir t.d. á lögreglustöðina o.fl. Sameiginlegt tónlistarnámskeið fyrir leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla var haldið og tókst það vel.

Þorrablót var haldið í leikskólanum í síðustu viku og öskudagur er framundan með grímubúningum og tilheyrandi grímuballi.

Foreldrafélagið gaf leikskólanum tvær stafrænar myndavélar til notkunar í skólastarfinu en foreldrafélagið hefur verið rausnarlegt við leikskólann í gegnum árin m.a. hefur það gefið vídeó og sjónvarp ásamt endurskinsvestum í samvinnu við VÍS.

Talmeinafræðingur kom nýlega og er hún þétt setin þá daga sem hún kemur og börn og foreldrar ánægðir með hennar störf.

Einar Gunnarsson, stærðfræðikennari kom að máli við leikskólastjóra og vill athuga möguleikana á notkun efnis fyrir eldri nemendur leikskólans sem byggir á samvinnu leiks og náms.

Sólbjört S. Gestsdóttir útskrifaðist um áramótin úr stuðningsfulltrúanámi frá Borgarholtsskóla.

Framundan er ferð starfsfólks leikskólans til Edinborgar þar sem farið verður á námskeið og skoðunarferð í leikskóla. Farið verður m.a. í Scottish story telling center sem kenna fólki að segja sögur og nota til þess ýmsar aðferðir. Stykkishólmsbær styrkir starfsfólk til ferðarinnar og á þakkir skyldar fyrir þann stuðning. Leikskólinn verður því lokaður vegna starfsdags 23. apríl vegna þessarar ferðar og hefur sú lokun þegar verið kynnt.

Fyrirspurn kom fram um myndir úr skólastarfinu hvort þær séu á vefnum. Skólastjóri svaraði því að myndir hafi verið birtar með fréttum á heimasíðu Stykkishólmsbæjar en skoða þurfi jafnvel möguleika á sér heimasíðu leikskólans.

Fyrirspurn kom fram um heimsókn talmeinafræðings, tíðni og árangur. Skólastjóri greindi frá því að hún komi fjórum sinnum yfir veturinn og vel megi merkja árangur af starfinu.

Rætt var um skiptinemaheimsóknir á milli skóla og kom fram ánægja með þær.

Einnig rætt um nálgun við stærðfræðina í leikskólanum og að slíkt verkefni geti verið mjög spennandi og aukinn þáttur í samstarfi á milli skólanna.

Fram kom ánægja með það að hafa þorrablót í leikskólanum.

2. Erindisbréf nefndarinnar.
Formaður gerði grein fyrir erindisbréfi nefndarinnar, rætt var um þörfina á því að varamenn nefndarinnar þurfi að hlíta sömu reglum varðandi þagnarskyldu og þess háttar, einnig fulltrúar foreldra og starfsfólks.
3. Önnur mál.
 - a) Formaður lagði fram bréf menntamálaráðuneytisins varðandi samræmd próf í grunnskólum vorið 2005 þar sem tilgreindar eru námsgreinar og dagsetningar.
 - b) Formaður lagði fram umburðarbréf menntamálaráðuneytisins varðandi það að árið 2004 skuli vera Evrópuár íþróttá og er slagorðið “Hreyfing eflir hugann”. ÍSÍ hefur verið falið að sjá um umsýslu verkefnisins hér á landi.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.20.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).

Katrín Pálsdóttir (sign.),
Ingveldur Eyþórsdóttir (sign.),
Gunnar Svanlaugsson (sign.),
Egill V. Benediktsson (sign.),
Linda S. Sigurðardóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Kristín Sigurðardóttir (sign.),
Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.),
Björn Sverrisson (sign.).

Íhs.